

Þórður Már Sigfússon
Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð
Stjórnsýsluhúsínu að Miðbraut 11
370 Búðardal

Reykjavík, 28. janúar 2021
Tilvísun: OS2020110083/22.2
Verknúmer: 1384010

Efni: Umsögn við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima

Vísað er til erindis Dalabyggðar, dagsettu þann 24. nóvember 2020., þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað var eftir umbeðnum athugasemdum fyrir 20. janúar 2021, til skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, en frestur til Orkustofnunar var veittur út janúarmánuð 2021.

Sérfræðingur Orkustofnunar hefur farið yfir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna umrædds vindorkuvers, og hefur stofnunin eftirfarandi ábendingar, sem að öllu leyti afmarkast af starfssviði stofnunarinnar:

Í skýrslunni „Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016, breyting vegna vindorkuvers á Sólheimum-tillaga“ kemur fram að fjöldi vindmylla í vindorkuverinu verði allt að 30, ásamt því að uppsett afl verði allt að 150 MW.

Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið tilkynnt til 4.áfanga rammaáætlunar (R4318A Sólheimar), og í þeim gögnum sem fylgdu umsókn þeiri er fjallað um að settar verði upp 29 vindmyllur og áætlað afl 162,4 MW (en allt að 203 MW). Orkustofnun vill benda á að nauðsynlegt sé að samræma þessar upplýsingar, á hvorn veginn sem það verður, þ.e. breyta upplýsingum í umsókn til rammaáætlunar, eða breyta upplýsingum í umræddri skýrslu um breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar. Orkustofnun bendir á að komi til þess að umræddur virkjunarkostur fari í gegnum rammaáætlun, verða þær upplýsingar um fjölda vindmylla sem fylgdu umsókninni bindandi á stigi umhverfismats áætlana.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Dalabyggð, er að því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sylvia Rakel
Sylvia Rakel Guðjónsdóttir
Sérfræðingur

Harpa Pétursdóttir
Harpa Þórunn Pétursdóttir
Lögfræðingur